

Birtingasjóður Landspítala

Reglur

1. grein

Birtingasjóður var stofnaður 4. janúar 2021 af Landspítala. Stofnfé sjóðsins var 35,3 milljónir. Hann fellur undir skipulagsskrá Landspítalasjóðs Íslands og er varðveittur á Fjármálasviði. Sjóðurinn getur ekki stofnað til skuldar við LSH eða aðra aðila.

2. grein

Birtingasjóði er ætlað að styðja við vísindastarf starfsfólks Landspítala. Mögulegir umsækjendur eru starfsmenn spítalans. Umsækjendur þurfa að vera fyrsti eða síðasti höfundur á vísindagrein sem lýsir rannsóknaniðurstöðum verkefna sem unnin eru á Landspítala og eru merktar honum. Markmiðið er tvíþætt; 1) Hvetja vísindafólk á Landspítala til að skipuleggja framkvæmd metnaðarfullra vísindaverkefna sem líkleg eru til að leiða til birtinga í erlendum vísindaritum með háan áhrifastuðul (Impact Factor = IF). 2) Búa til hvata fyrir starfsfólk Landspítala til að verja tíma sínum í að stunda vísindarannsóknir þar sem vísindamenn spítalans eru leiðandi aðilar rannsókna.

3. grein

Starfsmenn Landspítala í a.m.k. 50% starfi, þar með talið þeir sem eru í stöðugildi fjármögnuðu af styrkfé, eiga þess kost að sækja um styrk vegna birtingar á vísindagrein sem fyrsti höfundur eða sem síðasti höfundur greinarinnar. Ef fyrsti höfundur og síðasti höfundur eru báðir starfsmenn Landspítala eiga þeir báðir kost á að sækja um styrk.

4. grein

Til að hljóta styrk verður vísindagrein umsækjanda að hafa birst í viðurkenndu ritrýndu erlendu fagtímariti, vera merkt Landspítala og að uppfylla eftirfarandi skilyrði; *Flokkur A*; Grein sem flokkast í efsta fjórðung í áhrifastuðli á fræðasviðsflokkum Web of Science skv. Journal Citation Reports (JCR). *Flokkur B*; Grein sem flokkast í næst efsta fjórðung í áhrifastuðli á fræðasviðsflokkum Web

of Science skv. JCR. *Flokkur C*: Grein sem flokkast í næst neðsta fjórðung í áhrifastuðli á fræðasviðsflokkum Web of Science skv. JCR.

Upphæð birtingastyrks til starfsmanns ræðst af því í hvern af ofangreindum flokkum vísindagreinin fellur og er hún ákveðin af stjórn sjóðsins árlega.

5. grein

Að jafnaði skal ljúka afgreiðslu umsókna og ákvörðun um úthlutun innan 2 mánaða frá því að umsókn berst. Til þess að sækja um styrk skal notast við rafrænt umsóknareyðublað sem er að finna á rannsóknar- og styrkjavef Landspítala <https://www.researchweb.org/is/lh/login>.

6. grein

Skilyrði fyrir veitingu birtingastyrks eru eftirfarandi:

- a) Umsókn er í samræmi við reglur og leiðbeiningar um úthlutun styrkja úr Birtingasjóði Landspítala.
- b) Umsækjandi er starfsmaður Landspítala í a.m.k. 50% starfi og er annað hvort fyrsti höfundur eða síðasti höfundur þeirrar vísindagreinar sem liggur til grundvallar umsókn, enda sé hún merkt Landspítala.
- c) Um er að ræða birtingu á niðurstöðum vísindarannsóknar í viðurkenndu ritrýndu erlendu fagtímariti sem uppfyllir kröfur 4. greinar.
- d) Ekki er unnt að sækja um styrk úr sjóðnum vegna greina sem birtust fyrir meira en 12 mánuðum frá dagsetningu umsóknar. Miðað er við formlega birtingardagsetningu.
- e) Eintak af vísindagreininni fylgir umsókn.

7. grein

Stjórn Birtingasjóðs er skipuð formanni vísindaráðs, yfirlækni Vísindadeildar, framkvæmdastjórum hjúkrunar og lækninga og forstjóra Landspítala. Stjórnin skal halda aðalfund að lágmarki einu sinni á ári.

Stjórnin ákveður upphæðir styrkveitinga og úthlutun styrkja árlega í samræmi við hlutverk sjóðsins. Verkefnastjóri vísindaráðs hefur daglega umsjón með sjóðnum í

samráði við fjármálastjóra framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga. Fundagerð er skráð um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður.

8. Grein

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir í samræmi við lög og ársreikninga spítalans. Skrifstofa fjármála á Landspítala skal annast reikningshald, fjárreiður og aðra fjármálalega umsýslu fyrir hönd stjórnar. Sjóðurinn skal fylgja reglum skrifstofu fjármála um verkferla, fylgiskjöl, bókhald og fjárreiður.

9. grein

Verði sjóðurinn lagður niður skal stjórn sjóðsins taka ákvarðanir um ráðstöfun hans í samráði við stjórn Landspítalasjóðs Íslands. Samþykki þarf frá stjórn ef breyta á reglum þessum og öðlast þær gildi þegar þær hafa verið samþykktar af stjórn Landspítalasjóðs Íslands.

Dags. og undirskrift ábyrgðarmanna sjóðsins

Dags. og undirskrift formanns Landspítalasjóðs Íslands

Undirritunarsíða

Páll Matthíasson

Sigríður Gunnarsdóttir

Ólafur Baldursson

Magnús Gottfreðsson

Rósa Björk Barkardóttir